

L Ö G

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um
aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

17. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „eigi skemmri tíma en fimm mánuði“ í 2. málsg. komi: eigi skemmri tíma en fjóra mánuði.
2. 3. málsg. orðist svo:

Frá 1. maí til 30. september 1973 greiði áhafnadeildin einnig hluta af fæðis-
kostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern úthaldsdag og áhafnarmann.
Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmis-
númer), þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3
mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og
tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa
ekki lögskráningarskyldu. Enn fremur skal sýna vottorð Siglingamálastofn-
unarinnar um, að fullnægt sé kröfum hennar um öryggisbúnað samkvæmt
nánari reglum. Heimilt er ráðherra að ákveða að loknu þessu reynslutímabili
og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands, að fæðiskostnaður verði fram-
vegis greiddur í samræmi við ákvæði þessarar greinar á tímabilinu 1. maí til
30. september.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Í lok 12. gr. laganna komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því
leystur, eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja,
á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.